



Sveitarstjórn Húnavatnshrepps 256. fundur.

Miðvikudaginn, 13. apríl 2022, kom sveitarstjórn Húnavatnshrepps saman til fundar. Fór fundurinn fram á skrifstofu Húnavatnshrepps á Húnavöllum og hófst klukkan 13:00.

Jón Gíslason, setti fundinn og stjórnaði honum.

Einar Kristján Jónsson, ritaði fundargerð.

Mætt voru:

Jón Gíslason, Jóhanna Magnúsdóttir, Berglind Hlín Baldursdóttir, Sverrir Þór Sverrisson, Ragnhildur Haraldsdóttir, Ingibjörg Sigurðardóttir, Birgir Þór Haraldsdóttir og Einar Kristján Jónsson.

Dagskrá:

1. Undirritun fundargerða, funda 253, 254 og 255.

2. Bréf sem boris hafa:

- a. *Byggðaráði Sveitarfélagsins Skagaffjarðar, dagsett, 31. mars 2022.*
 - i. **Efni:** Samstarf um málefni fatlaðs fólks.
- b. *Ámundakinn ehf., dagsett 31. mars 2022.*
 - i. **Efni:** Boð um húsnæðið Húnaþraut 5, til leigu sem stjórnsýsluhús fyrir sameinað sveitarfélag.
- c. *Lionshreyfingunni og Blindrafélaginu, ódagsett.*
 - i. **Efni:** Ósk um stuðning við Rauðufjöðrina, vegna kaupa á leiðsöguhundum fyrir blinda.
- d. *Veidifélagi Blöndu og Svartár, ódagsett, ásamt skýrslustjórnar, ársreikningi ársins 2021 og fjárhagsáætlun fyrir árið 2022.*
 - i. **Efni:** Aðalfundarboð, þann 13. apríl 2022.
- e. *Veidifélagi Blöndu og Svartár, dagsett, 31. mars 2022.*
 - i. **Efni:** Fundarboð, þann 19. apríl 2022, vegna fyrirtöku matsnefndar.
- f. *Frjálsíþróttadeild Ungmennafélagsins Hvatar, tölvupóstur, dagsettur 21. mars 2022.*
 - i. **Efni:** Styrkbeiðni, vegna Gautaborgarleika 2022.
- g. *Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dagsett 30. mars 2022, ásamt fylgibréfi.*
 - i. **Efni:** Innleiðing barnaverndarlaga.
- h. *Markaðsstofu Norðurlands og Flugklasanum Air 66N, tölvupóstur, dagsettur, 30. mars 2022.*
 - i. **Efni:** Ráðstefnu um flugmál á Akureyri þann 26. apríl 2022.
- i. *Íslandsdeild Transparency International (TI-IS), dagsett, 22. mars 2022.*
 - i. **Efni:** Styrktarbeiðni til að tryggja rekstrargrundvöll Íslandsdeildar Transparency International.
- j. *Eignarhaldsfélaginu Brunabótafélagi Íslands, dagsett, 24. mars 2022.*
 - i. **Efni:** Styrktarsjóður EBÍ 2022.



- k. *Dómsmálaráðherra, dagsett 21. mars 2022, samrit til Sambands íslenskra sveitarfélaga, ásamt bókun SSNV frá 5. apríl 2022.*
 - i. **Efni:** Endurskipulagning sýslumannsembættanna.
- l. *Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dagsett 30. mars 2022.*
 - i. **Efni:** Átak um Hringrásarhagkerfið.
- m. *Textilmiðstöð Íslands og Þekkingarsetrinu á Blönduósi og ÓssTextillistamiðstöð, tölvupóstur, dagsettur, 4. apríl 2022.*
 - i. **Efni:** Ársfundir Textilmiðstöðvar Íslands og Þekkingarseturs á Blönduósi og ÓssTextillistamiðstöðvar.
- n. *Sókn lögmannsstofu, dagsett, 1. apríl 2022, ásamt endurriti Héraðsdóms Reykjavíkur á dómi.*
 - i. **Efni:** Minnisblað vegna dóms Héraðsdóms Reykjavíkur í máli E-2482/2021, dagsett 31. mars 2022.
- o. *Norðurá bs., ódagsett, ásamt ársreikningi 2021.*
 - i. **Efni:** Aðalfundarboð, 20. apríl 2022.
- p. *Arnari Þór Sævarssyni, Agli Herbertssyni, Frey Friðrikssyni, Hauki Suska, Jóni Baldvini Jónssyni og Þormóði Skorra Steingrímssyni, dagsett 29. mars 2022.*
 - i. **Efni:** Kauptilboð í byggingar og meðfylgjandi réttindi í Fljótsdrögum.

3. Fundargerðir:

- a. *Hússtjórnar Húnavers, frá 4. apríl 2022.*
- b. *Skipulags- og byggingarnefnd, frá 11. apríl 2022.*
- c. *75. fundur stjórnar Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, frá 22. mars 2022.*
- d. *76. fundur stjórnar Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, frá 5. apríl 2022.*
- e. *Stjórn Heimilisiðnaðarsafnsins, frá 22. mars 2022.*
- f. *Aðalfundur Hveravallafélagsins ehf., frá 28. mars 2022 ásamt ársreikningi ársins 2021.*
- g. *Fundur oddvita sveitarstjórna í Austur Húnavatnssýslu, frá 7. apríl 2022.*

4. Kosning í kjörstjórnir vegna vanhæfi:

5. Kjörskrárstofn vegna sveitarstjórnarkosninga 14. maí 2022.

6. Önnur mál:

BTTB
SPH
35
BPH
J.M.
R.H.
J.U.



Oddviti setti fundinn, klukkan 13:00.

Dagskrá:

1. Undirritun fundargerða, funda 253, 254 og 255.

a. Sveitarstjórn undirritaði fundargerðir frá fundum 253, 254 og 255.

2. Bréf sem boris hafa:

a. Byggðaráði Sveitarfélagsins Skagafjarðar, dagsett, 31. mars 2022.

i. **Efni:** Samstarf um málefni fatlaðs fólks.

1. Lagt fram til kynningar. Sveitarstjórn Húnavatnshrepps, samþykkir samhljóða að halda áfram samstarfi um málefni fatlaðs fólks á Norðurlandi vestra, þar sem Sveitarfélagið Skagafjörður hefur verið leiðandi sveitarfélag. Jafnframt vill sveitarstjórn leggja áherslu á að ráðist verði í endurnýjun á samningi, vegna málsins sem rann út þann 28. febrúar 2022, með þeim aðildarsveitarfélögum sem velja að halda samstarfinu áfram. Ennfremur leggur sveitarstjórn áherslu á að gerður verði lengri samningur en til eins árs, eins og verið hefur.

a. Sveitarstjóra falið að vinna málið áfram í samvinnu við aðildarsveitarfélag að samningnum.

b. Ámundakinn ehf., dagsett 31. mars 2022.

i. **Efni:** Boð um húsnæðið Húnaþraut 5, til leigu sem stjórnsýsluhús fyrir sameinað sveitarfélag.

1. Lagt fram til kynningar. Sveitarstjórn Húnavatnshrepps, vísar málinu til afgreiðslu nýrrar sveitarstjórnar.

c. Lionshreyfingunni og Blindrafélaginu, ódagsett.

i. **Efni:** Ósk um stuðning við Rauðufjöðrina, vegna kaupa á leiðsöguhundum fyrir blinda.

1. Lagt fram til kynningar. Sveitarstjórn Húnavatnshrepps samþykkir samhljóða að styrkja verkefnið um 50.000 krónur.

a. Styrkurinn tekinn af lið: 0680/4120.

d. Veidifélagi Blöndu og Svartár, ódagsett, ásamt skýrslustjórnar, ársreikningi ársins 2021 og fjárhagsáætlun fyrir árið 2022.

i. **Efni:** Aðalfundarboð, þann 13. apríl 2022.

1. Lagt fram til kynningar. Sveitarstjórn Húnavatnshrepps samþykkir samhljóða að Jóhanna Magnúsdóttir, Ártúnum, verði fulltrúi sveitarfélagsins á aðalfundi veiðfélags Blöndu og Svartár þann 13. apríl 2022.

e. Veiðifélagi Blöndu og Svartár, dagsett, 31. mars 2022.

i. **Efni:** Fundarboð, þann 19. apríl 2022, vegna fyrirtöku matsnefndar.

1. Lagt fram til kynningar. Sveitarstjórn Húnavatnshrepps samþykkir samhljóða að Jóhanna Magnúsdóttir, Ártúnum, verði fulltrúi sveitarfélagsins á fundi vegna fyrirtöku matsnefndar, þann 19. apríl 2022.

BTTB
Sþ
35
BþH
JM
RH
J.U.



- f. Frjálsíþróttadeild Ungmennafélagsins Hvatar, tölvupóstur, dagsettur 21. mars 2022.
- i. **Efni:** Styrkbeiðni, vegna Gautaborgarleika 2022.
 1. Lagt fram til kynningar. Sveitarstjórn Húnavatnshrepps samþykkir samhljóða að styrkja verkefnið um 200.000 krónur.
 - a. Styrkurinn tekinn af lið: 0680/4120.
- g. Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dagsett 30.mars 2022, ásamt fylgibréfi.
- i. **Efni:** Innleiðing barnaverndarlaga.
 1. Lagt fram til kynningar.
- h. Markaðsstofu Norðurlands og Flugklasamum Air 66N, tölvupóstur, dagsettur, 30. mars 2022.
- i. **Efni:** Ráðstefnu um flugmál á Akureyri þann 26. apríl 2022.
 1. Lagt fram til kynningar. Sveitarstjóra falið að sækja ráðstefnu um flugmál á Akureyri, þann 26. apríl 2022.
- i. Íslandsdeild Transparency International (TI-IS), dagsett, 22. mars 2022.
- i. **Efni:** Styrktarbeiðni til að tryggja rekstrargrundvöll Íslandsdeildar Transparency International.
 1. Lagt fram til kynningar. Sveitarstjórn getur ekki orðið við erindinu að þessu sinni.
- j. Eignarhaldsfélaginu Brunabótafélagi Íslands, dagsett, 24. mars 2022.
- i. **Efni:** Styrktarsjóður EBÍ 2022.
 1. Lagt fram til kynningar.
- k. Dómsmálaráðherra, dagsett 21. mars 2022, samrit til Sambands íslenskra sveitarfélaga, ásamt bókun SSNV frá 5. apríl 2022.
- i. **Efni:** Endurskipulagning sýslumannsembætta.
 1. Lagt fram til kynningar. Sveitarstjórn tekur heilshugar undir bókun Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra (SSNV) frá 76. fundi samtakanna, sem haldinn var þann 5. apríl 2022.
- l. Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dagsett 30.mars 2022.
- i. **Efni:** Átak um Hringrásarhagkerfið.
 1. Lagt fram til kynningar.
- m. Textílmíðstöð Íslands og Þekkingarsetrinu á Blönduósi og Óss Textíllistamiðstöð, tölvupóstur, dagsettur, 4. apríl 2022.
- i. **Efni:** Ársfundir Textílmíðstöðvar Íslands og Þekkingarseturs á Blönduósi og Óss Textíllistamiðstöðvar.
 1. Lagt fram til kynningar. Sveitarstjórn samþykkir að Berglind Hlín Baldursdóttir sæki ársfundi Textílmíðstöðvar Íslands og Þekkingarseturs á Blönduósi og Óss Textíllistamiðstöðvar, fyrir hönd Húnavatnshrepps.

BIB
SP
SS
BPK
JM
RH
J.U.



- n. *Sókn lögmannsstofu, dagsett, 1. apríl 2022, ásamt endurríti Héraðsdóms Reykjavíkur á dómi.*
- i. **Efni:** Minnisblað vegna dóms Héraðsdóms Reykjavíkur í máli E-2482/2021, dagsett 31. mars 2022.
 1. *Lagt fram til kynningar. Sveitarstjórn Húnavatnshrepps, samþykkir samhljóða að fela Jóni Jónssyni, lögmanni, að áfrýja dómi E-2482/2021, til Landsréttar.*
- o. *Norðurá bs., ódagsett, ásamt ársreikningi 2021.*
- i. **Efni:** Aðalfundarboð, 20. apríl 2022.
 1. *Lagt fram til kynningar. Sveitarstjórn Húnavatnshrepps, samþykkir samhljóða að Einar Kristján Jónsson, sveitarstjóri verði fulltrúi Húnavatnshrepps á aðalfundi Norðurár bs., þann 20. apríl 2022.*
- p. *Arnari Þór Sævarssyni, Agli Herbertssyni, Frey Friðrikssyni, Hauki Suska, Jóni Baldvini Jónssyni og Þormóði Skorra Steingrímssyni, dagsett 29. mars 2022.*
- i. **Efni:** Kauptilboð í byggingar og meðfylgjandi réttindi í Fljótsdrögum.
 1. *Lagt fram til kynningar. Sveitarstjórn hafnar framkomnu kauptilboði í byggingar og meðfylgjandi réttindi við Fljótsdrög.*

3. Fundargerðir:

- a. *Hússtjórnar Húnavers, frá 4. apríl 2022.*
 - i. Lagt fram til kynningar.
- b. *Skipulags- og byggingarnefnd, frá 11. apríl 2022.*
 - i. Lagt fram til afgreiðslu og/eða kynningar.
 1. *Skipulagsfulltrúi.*
 - a. Bogi Magnúsen Kristinsson nýr skipulagsfulltrúi er mættur á fundinn. Farið er yfir nýtt embætti í skipulags og byggingarmálum þar sem Bogi verður skipulagsfulltrúi og Þorgils Magnússon verður áfram byggingarfulltrúi. Aðstoðarmenn eru Elísa Ýr Sverrisdóttir og Guðrún Blöndal. Þorgils og Guðrún verða með aðsetur á Blönduósi og Bogi og Elísa á Hvammstanga.
 - i. *Umræður um skipulags- og byggingarmál.*
 1. Lagt fram til kynningar.
 2. *Húnavellir 3 - Umsókn um tilkynnta framkvæmd.*
 - a. Erindi frá Húnavatnshreppi, umsókn um tilkynnta framkvæmd í íbúð 0101 að Húnavöllum 3. Um er að ræða endurnýjun á innviðum íbúðarinnar og breytingar á hitakerfi í gólfhita. Meðf. gögn eru teikningar gerðar af Ráðbarði sf. af Bjarna Þór Einarssyni dags. janúar 2022.
 - i. *Nefndin samþykkir erindið.*
 1. Sveitarstjórn staðfestir ákvörðun Skipulags- og byggingarnefndar.

BTHB
sp
SS
BTH
JM
RH
JL
Z



3. *Landsvirkjun - ratsjá vegna fuglaskoðana.*

- a. Erindi frá Landsvirkjun. Umsókn um leyfi til að staðsetja ratsjá vegna fuglarannsóknna í tengslum við Blöndulund. Fyrirhugað er að hefja fuglarannsóknir í tengslum við umhverfismat Blöndulundar í samstarfi við Náttúrustofu Norðausturlands. Tímabil er frá komandi vori fram í nóvember.

i. Nefndin samþykkir erindið. Vinna þarf verkefni í samráði við landeigendur.

1. Sveitarstjórn staðfestir ákvörðun Skipulags- og byggingarnefndar.

4. *Vindorkumæling - Umsókn um stöðuleyfi.*

- a. Erindi frá Landsvirkjun. Óskað er eftir framlengingu stöðuleyfis á Steinárhálsi varðandi vindmælinga. Meðf. er kort af rannsóknarsvæði Blöndulundar.

i. Nefndin samþykki erindið.

1. Sveitarstjórn staðfestir ákvörðun Skipulags- og byggingarnefndar.

5. *Bollastaðir - umsókn um stofnun landeignar.*

- a. Erindi frá Bjarna B. Ingólfssyni. Umsókn um stofnun landeignar úr landi Bollastaða lnr. 145343 skv. meðf. hnitasettum uppdrætti gerðum hjá Ráðbarði sf. verkfræðistofu af Bjarna Þór Einarssyni, dags 16. febrúar 2022. Landeignin mun fá nafnið Selland. Jörðin er afmörkuð en hefur ekki verið skráð með landnúmeri.

i. Nefndin samþykkir erindið fyrir sitt leiti þegar landeigendur aðliggjandi landa hafa undirritað yfirlýsingu um að þetta séu rétt landamerki.

1. Sveitarstjórn staðfestir ákvörðun Skipulags- og byggingarnefndar.

6. *Auðkúla 2 - Umsókn um afskráningu á fasteigna.*

- a. Erindi frá Guðrúnu Sigurjónsdóttur. Ósk um að smíðja mhl 09 sem er 5,2 fm. að stærð verði fjarlægð úr fasteignarskrá þar sem húsið er fokið.

i. Nefndin samþykkir erindið.

1. Sveitarstjórn staðfestir ákvörðun Skipulags- og byggingarnefndar.

7. *Auðkúla 2 - Umsókn um afskráningu á fasteign.*

- a. Erindi frá Guðrúnu Sigurjónsdóttur. Óskað er eftir að refahúsið mhl 08 verði afmáð úr fasteignaskrá þar sem húsinu hefur verið breytt í skjól fyrir hross.

i. Nefndin frestar erindinu og felur byggingarfulltrúi að fara í vettvangsferð og skoða aðstæður.

1. Sveitarstjórn staðfestir ákvörðun Skipulags- og byggingarnefndar.

BTH
SP
SS
BTH
JM
RH
JL

✓



8. *Auðkúla 3 umsókn um stofnun landeignar.*

- a. Erindi frá Sverri Þór Sverrissyni. Umsókn um stofnun landeignar úr Auðkúlu 3, ný landeign fær nafnið Auðkúla 3 afréttur. Meðfylgjandi er hnitasettur afstöðuppráttur gerður af VSÓ, dags 11. mars 2022 og landsmerkjabréf undirrituð af eigendum aðliggjandi jarða.

i. Nefndin samþykkir erindið fyrir sitt leyti.

1. Sveitarstjórn staðfestir ákvörðun Skipulags- og byggingarnefndar.

a. Sverrir Þór vék af fundi undir þessum lið.

9. *Blöndulína 3, umhverfismatsskýrsla.*

- a. Erindi frá Skipulagsstofnun. Óskað er eftir umsögn sveitarfélagsins um umhverfismatsskýrslu fyrir Blöndulínu 3. Skipulagsstofnun fer fram á að Húnavatnshreppur veiti umsögn um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Umsagnaraðilar skulu gefa álit sitt í samræmi við 16. gr. reglugerðar nr. 1381/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana

i. Nefndin frestar erindinu og felur skipulagsfulltrú að útbúa umsögn fyrir næsta fund nefndarinnar.

1. Sveitarstjórn staðfestir ákvörðun Skipulags- og byggingarnefndar.

10. *Borgarbyggð - Ósk um umsögn vegna skipulags Litlu Tunguskógar.*

- a. Erindi frá Sveitarfélaginu Borgarbyggð. Óskað er eftir umsögn um skipulagslýsingu vegna breytingu á Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022 sbr. 30 gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Um er að ræða að breyta landnotkun landsvæðis Litlu Tunguskóga (L219075) í Húsafelli í frístundabyggð í íbúðasvæði. Í gildi er deiliskipulag frá 2007 sem gerir ráð fyrir 54 frístundalóðum og einni þjónustulóð. Gerð verður breyting á deiliskipulagi samhliða. Meðf. er teikning af svæðinu.

i. Skipulags-og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að gera ekki athugasemdir við aðalskipulagsbreytinguna.

1. Sveitarstjórn staðfestir ákvörðun Skipulags- og byggingarnefndar.

BTTB
SPB
SS
BBK
JM
RH
J.U.
A



11. Borgarbyggð - Ósk um umsögn vegna skipulags Breiðabólsstaður 2.

a. Erindi frá Sveitarfélaginu Borgarbyggð. Óskað er eftir umsögn um skipulagslýsingu vegna breytinga á Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022 sbr. 30 gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Um er að ræða að breytta landnotkun svæðis í landi Breiðabólsstaðar 2 úr landbúnaðarlandi og athafnasvæði í íbúðarsvæði. Meðf. er teikning af svæðinu.

i. Skipulags-og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að gera ekki athugasemdir við aðalskipulagsbreytinguna.

1. Sveitarstjórn staðfestir ákvörðun Skipulags- og byggingarnefndar.

12. Brekkukot - Umsókn um stofnun landeignar.

a. Erindi frá Magdalenu Margréti Einarsdóttur. Umsókn um stofnun landeignar Brekkukotstún 6 ásamt 5 byggingareitum fyrir frístundahús í landi Brekkukots samkv meðf. hnitasettum afstöðuuppdrætti gerðum hjá Ráðbarði sf. verkfræðistofu af Bjarna Þór Einarssyni, byggingatæknifræðingi dags 30. mars 2022.

i. Nefndin samþykkir stofnun lóðarinnar.

1. Sveitarstjórn staðfestir ákvörðun Skipulags- og byggingarnefndar.

13. Ytri-Langamýri Endurnýjun á fjarskiptamastri.

a. Erindi frá Öryggisfjarskipti. Óskað er eftir heimild sveitarfélagsins til endurnýjunar á fjarskiptamastri á Tungunesmúla. Nýtt mastur verður 21 metra stálgrindarmastur fyrir fjarskipti, sem sett er ofan á staðsteyptar undirstöður. Mastrið er annarsvegar sett upp til endurnýjunar á tréstaurem og hins vegar til að bæta talsvert fjarskipti á svæðinu. Meðfylgjandi er afstöðumynd og myndir til útskýringar.

i. Nefndin tekur jákvætt í erindið og er málinu frestar þar til fullnægjandi gögn berast.

1. Sveitarstjórn staðfestir ákvörðun Skipulags- og byggingarnefndar.

c. 75. fundur stjórnar Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, frá 22. mars 2022.

i. Lagt fram til kynningar.

d. 76. fundur stjórnar Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, frá 5. apríl 2022.

i. Lagt fram til kynningar.

e. Stjórn Heimilisiðnaðarsafnsins, frá 22. mars 2022.

i. Lagt fram til kynningar.

BH
SP
SS
BØ
J.M.
JRH
J.L.
Z



f. Aðalfundur Hveravallafélagsins ehf., frá 28. mars 2022 ásamt ársreikningi ársins 2021.

i. Lagt fram til kynningar.

g. Fundur oddvita sveitarstjórna í Austur Húnavatnssýslu, frá 7. apríl 2022.

i. Lagt fram til kynningar.

1. Oddvitar og sveitarstjórar sveitarfélaganna Blönduósbæjar, Húnavatnshrepps, Skagabyggðar og Sveitarfélagsins Skagastrandar hittust á fundi þann 7. apríl 2022, til að ræða samstarfsverkefni sveitarfélaganna. Aðilar eru sammála um að endurskoða þurfi núverandi starfsemi byggðasamlaga en samstarf er um eftirfarandi verkefni:

a. Félags- og skólaþjónusta A-Hún

b. Tónlistarskóli Austur-Húnavetninga

c. Byggðasamlag um atvinnu- og menningarmál

2. Ákvörðun var tekin um að bera það upp við sveitarstjórnir aðildarsveitarfélaga að slíta Byggðasamlagi um menningar- og atvinnumál á næstu fundum sveitarfélaganna. Í samræmi við 56. gr. Samþykkt fyrir Byggðasamlag um menningar- og atvinnumál í A-Hún. fer um endurskoðun á samþykktunum, úrgöngu úr byggðasamlaginu og slit þess eftir 83.-86. gr. eldri sveitarstjórnarlaga sbr. 95. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

a. Í ákvæðinu segir:

i. **95. gr.** Úrganga úr byggðasamlagi og slit byggðasamlags.

1. Í samningi um byggðasamlag skulu vera ákvæði um endurskoðun á samningi, um heimildir til úrsagnar úr byggðasamlagi og um slit þess.

2. Einstök sveitarfélög geta með tveggja ára fyrirvara sagt upp aðild að byggðasamlagi, hafi ekki verið samið um annan tímafrest. Samhliða getur sveitarfélag krafist innlausnar á nettó eignarhlut sínum í samlaginu núvirðisreiknuðum í samræmi við ákvæði samnings skv. 94. gr.

3. Ef ósætti rís um úrgöngu sveitarfélags úr byggðasamlagi er hægt að vísa málinu til ráðuneytisins. Ráðuneytið getur ákveðið að viðkomandi sveitarfélagi sé ekki heimilt að ganga úr byggðasamlagi um tilgreindan tíma, þó ekki lengur en í fimm ár að telja frá ákvörðun ráðuneytisins, vegna mikilvægra samfélagslegra hagsmuna eða vegna mikilvægra hagsmuna annarra aðildarsveitarfélaga sem að byggðasamlagi standa. Af sömu

BTH
SBL

SS

BBL

JM
RH

J.L.



ástæðum er ráðuneytinu heimilt að ákveða frestun innlausnar á eignarhlut sveitarfélags.

4. Tillaga um að starfsemi byggðasamlags sé hætt nær því aðeins fram að ganga að hún sé staðfest af 2/3 hlutum sveitarstjórna aðildarsveitarfélaga eða hún hafi verið samþykkt í almennri atkvæðagreiðslu á starfssvæði byggðasamlagsins. 2/3 hlutar stjórnarmanna í byggðasamlagi eða 2/3 hlutar fulltrúa á aðalfundi byggðasamlags, sé slíkur fundur haldinn, geta krafist atkvæðagreiðslu í sveitarstjórnnum aðildarsveitarfélaga um slit byggðasamlags.
5. Nú er ákveðið að hætta starfsemi byggðasamlags eða svo er fyrir mælt í lögum og skal þá skipa því sérstaka skiptastjórn er gerir upp eignir þess og skuldir og slítur rekstri þess. Heimilt er skiptastjórn að auglýsa eftir kröfum á hendur byggðasamlaginu með opinberri innköllun. Eftir að kröfur hafa verið greiddar skal afgangi eigna eða eftirstöðvum skulda jafnað á þau sveitarfélög sem að byggðasamlagi standa í hlutfalli við íbúatölu. Skiptastjórn skal kjörin af stjórn byggðasamlags.

3. Sveitarstjórn Húnavatnshrepps, samþykkir samhljóða að segja upp aðild að Byggðasamlagi um menningar- og atvinnumál í A-Hún og að samstarfinu verði slitið.

4. Kosning í kjörstjórnir vegna vanhæfi:

a. Vegna vanhæfis fulltrúa í yfirkjörstjórn sameiginlegs sveitarfélags Húnavatnshrepps og Blönduósbæjar, þarf sveitarstjórn að velja nýja fulltrúa í yfirkjörstjórn.

- i. Oddviti lagði fram tillögu um að Ægir Sigurgeirsson, Stekkjardal, yrði aðalmaður og Einar Kristján Jónsson, Húnavöllum 3, yrði varamaður í yfirkjörstjórn vegna sveitarstjórnarkosninga í sameiginlegu sveitarfélagi Húnavatnshrepps og Blönduósbæjar, þann 14. maí 2022.

1. Tillaga oddvita var samþykkt samhljóða.

BTHB
SPR
SS

Böðl

J.M.

J.L.L.



b. Vegna vanhæfis fulltrúa í kjörstjórn Húnavatnshrepps, þarf sveitarstjórn að velja nýja fulltrúa í kjörstjórn.

i. Oddviti lagði fram tillögu um að Sigrún Hauksdóttir, Brekku og Sigríður Þorleifsdóttir, Hvammi, Svartárdal, yrðu aðalmenn og Gréta Björnsdóttir, Húnsstöðum og Hólmsfríður Dóra Sigurðardóttir, Vatnsdalshólum, yrðu varamenn í kjörstjórn Húnavatnshrepps vegna sveitarstjórnarkosninga í sameiginlegu sveitarfélagi Húnavatnshrepps og Blönduósbæjar, þann 14. maí 2022.

1. Tillaga oddvita var samþykkt samhljóða.

5. Kjörskrárstofn vegna sveitarstjórnarkosninga 14. maí 2022.

a. Sveitarstjórn fór yfir kjörskrárstofn Húnavatnshrepps vegna Sveitarstjórnarkosninga 14. maí 2022.

i. Kjörskrárstofn byggir á íbúaskrá Þjóðskrár 6. apríl 2022.

1. Á kjörskrá eru alls 301 einstaklingar.

a. 170 karlar og 131 konur

b. Sveitarstjórn samþykkir kjörskrárstofn sem kjörskrá í sveitarfélaginu með fyrirvara um hugsanlegar breytingar.

i. Sveitarstjóra falið að ganga frá kjörskrárstofni og undirrita sem kjörskrá.

1. Kjörskrá Húnavatnshrepps mun liggja frammi á skrifstofu sveitarfélagsins, Húnavöllum, á opnunartíma hennar, frá 19. apríl 2022 til kjördags.

6. Önnur mál:


a. Ekkert var bókað undir þessum lið.

Fleira ekki gert,

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 15:10


Jón Gíslason


Ragnhildur Haraldsdóttir


Berglind Hlín Baldursdóttir


Sverrir Þór Sverrisson


Jóhanna Magnúsdóttir


Birgir Þór Haraldsson


Ingibjörg Sigurðardóttir


Einar Kristján Jónsson